

Nd.

312. Frumvarp til laga

um bráðabirgðaverðlag landbúnaðarafurða.

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson, Áki Jakobsson.

1. gr.

Frá 15. sept. 1944 til 1. desember 1944, ef Alþingi tekur ekki aðra ákvörðun innan þess tíma, skal verðlag innan lands á landbúnaðarafurðum haldast óbreytt eins og það er nú og uppbótargreiðslur úr ríkissjóði vegna innanlandssölu á þessum vörum haldast óbreyttar.

Þó er heimilt að lækka verð þeirra landbúnaðarvara, sem að nokkru leyti eru fluttar inn frá útlöndum, með verðjöfnun.

Framkvæmd ákvæða í 3. málsg. 4. gr. l. nr. 42 14. apríl 1943, um dýrtíðar-ráðstafanir, frestast um jafnlangan tíma að svo miklu leyti sem þau fara í bága við ákvæði laga þessara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt upplýsingum, sem fyrir liggja, mun verð á landbúnaðarafurðum, reiknað í samræmi við ákvörðun sex manna nefndarinnar, hækka 15. sept. n. k. um ca. 10%. Slík hækkun mundi án efa koma af stað nýrri verðhækkunaröldu og torvelda samkomulag um stöðvun dýrtíðarinnar.

Flutningsmenn telja, að nauðsynlegt sé að koma í veg fyrir þessa hækkun og fá um leið svigrúm til samninga um heildarlausn þessara mála.